

"Ó, það er löng saga. En þú mátt ekki reiðast mér, þó þér finnst ég hafa breytt rangt".

"Breytt rangt?"

"Já, ég stökk upp á vagn aftan til, sem kom akandi".

"Það var ekki rétt, vinur minn".

"Ég hélt það væri saklaust, og ég var svo þreyttur og kaldur. Ég orkaði ekki að bera eldiviðinn, og þó varð ég að koma honum heim, til þess að geta veitt þér hita. Þess vegna hélt ég að hinn góði guð mundi fyrirgefa mér, þó ég settist upp á vagninn, en hann hefir líklega ekki gert það, því ég varð að liða harða hegningu fyrir yfirsjón mína".

"Á hvern hátt, sonur minn?"

Mórits sagði henni nú eins og var, að hann hefði verið kallaður þjófur og lygari, og að litli drengurinn í vagninum hefði barið sig með svípunni.

"Vesakings drengurinn minn", sagði húsfrau Stern-er, "þú hefir orðið að þola harða hegningu fyrir yfirsjón þína. Það var harðýðgislegt af höfðingjafólki þessu, að breyta þannig við barn á þínum aldri".

"Já", sagði drengurinn ákafur, "þannig eru þeir þessir ríku og heldri menn, þeir fara með fátæklingana ver en með hunda, sem þeir fleygja beinum í augu töku sinnum, en berja þá þó og sneypa miklu meir. Þeir eru miskunnarlausari en vilt dýr".

"Mórits minn góður, talaðu ekki þannig", sagði móðir hans alvöruglefn. "Ó, nei, elskaða barnið mitt, það eru til eðlilyndir, áreiðanlegir og brjóstgóðir menn í öllum stéttum, þeir ríku eru ekki verri en aðrir. — Þú mátt ekki ímynda þér það, enda þótt þessi maður, sem þú gerðir reiðan, hafi verið ómannlegur og harðbrjósti —"

"Jú, mamma", sagði drengurinn með frekju, — þeir eru allir grimmir og miskunnarlausir. Það